



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 1. tbl. 2025


Hvar er gott að búa? – Íbúakönnun 2023

Vífill Karlsson

Í íbúakönnun landshlutanna hafa þátttakendur verið beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: *Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?* Svarmöguleikar við spurningunni voru: 1) mjög slæmt, 2) frekar slæmt, 3) hvorki gott né slæmt, 4) frekar gott og 5) mjög gott. Svör við þessari spurningu eru til í könnunum frá árunum 2020 og 2023. Í greiningunni verður einblínt á fernt: 1) Hversu margir voru ánægðir með búsetuna innan landshlutanna 2023? 2) Hvernig breyttist ánægjan á milli kannana? Síðan var hlutfall ánægðra í landshlutunum og breyting milli kannanna borin saman; 3) innan Vesturlands og 4) á landsvísu.

Gott að búa

Akranessvæði kom best út á Vesturlandi þegar horft var til hlutfalls þeirra þátttakenda sem töldu **gott** (þ.e. frekar gott og mjög gott) að búa þar árið 2023 en 92% Skagamanna töldu svo vera (Mynd 1). Svæðið skilaði fimmta hæsta hlutfalli af 24 á landsvísu árið 2023 en hæst var það á Akureyri. Þegar útkoma kannana 2020 og 2023 er borin saman sést að Akranessvæði bætti sig mjög lítið á milli kannana og var í 9. sæti hvað það varðaði (tafla 1).



Borgarfjarðarsvæði lenti í 2. sæti á Vesturlandi (en 13. á landsvísu) yfir þá sem voru ánægðir með búsetu sína árið 2023 en 87% þátttakenda voru á því máli (Mynd 1). Þetta hlutfall jókst um 2,7 prósentustig á milli kannana og verður það að teljast all nokkur bæting þar sem Borgarfjarðarsvæði lenti í 4. sæti á landsvísu hvað það varðar (Tafla 1).

Tafla 1. Hlutfur þeirra sem merktu við „gott“

Landshluti	A: 2023	B: 2020	C: Munur A og B	D: Sættisröð C
Akranessvæði	92,3%	92,3%	0,1%	9
Borgarfjarðarsvæði	87,1%	84,4%	2,7%	4
Snæfellsnes	84,1%	87,7%	-3,6%	16
Dalir	82,7%	80,0%	2,7%	3
Allir þátttakendur	87,8%	87,7%	0,1%	

Snæfellsnes var í þriðja sæti á Vesturlandi (en í því 16. á landsvísu) yfir þá sem voru ánægðir með búsetuna en 84% lýstu því yfir (Mynd 1). Þetta hlutfall gaf eftir á milli kannana um 3,6 prósentustig. Ekki er alveg ljóst í hverju það liggur en sú hlutfallslega breyting setti Snæfellsnes í 16. sæti á landsvísu hvað bætingu varðar (Tafla 1).

Á Vesturlandi töldu hlutfallslega fæstir þátttakenda úr Dölnum (82,7%) gott að búa í sínu heimahéraði (en voru í 17. sæti á landsvísu). Þetta hlutfall lagaðist all nokkuð á milli kannana í Dölnum og lentu þeir í þriðja sæti hvað varðaði breytingu á milli kannana (jókst um 2,7 prósentustig).

Staðan lagaðist meira í Þingeyjarsýslu (7,0 prósentustig) og Rangárvallasýslu (5,4 prósentustig).

Mjög gott að búa

Ákveðið var að endurtaka fyrri greiningu og skoða eingöngu hlutfall þeirra sem töldu vera **mjög gott** að búa í sínu heimahéraði. Þá kom fram miklu meiri landfræðilegur munur en í fyrri greiningu og segir það því kannski meira hvaða staðir eru virkilegir sælureitir og hverjir síður.

Innan Vesturlands breyttist röðin. Akranessvæði og Dalir vermdu sem fyrr fyrsta sætið að þessu leyti en svo komu Snæfellsnes, Dalir og Borgarfjarðarsvæði þar á eftir en um 39% Snæfellinga töldu mjög gott að búa á Nesinu, 35% í Dölnum en 34% Borgfirðinga voru á þeirri skoðun varðandi sitt heimahérað (Mynd 2 og Tafla 2). Á landsvísu lenti Akranessvæði í 5. sæti eins og í fyrri greiningu (mynd



1) en Snæfellsnes í 15. sæti, Dalir í 17. sæti og Borgarfjarðarsvæði í 18. sæti.

Hlutfall Akranessvæðis hækkaði um 2,5 prósentustig á milli kannana og lenti í sjöunda sæti hvað varðar bætingu þegar landshlutarnir voru bornir saman á milli ára (Tafla 2).

Á Borgarfjarðarsvæði lækkaði hlutfallið milli kannana um 3,6 prósentustig og lenti svæðið í 17. sæti á landsvísu.

Snæfellsnes lækkaði lítið eitt meira en Borgarfjarðarsvæði hvað þetta hlutfall varðar, eða um 3,9 prósentustig, og hafnaði í 18. sæti á landsvísu.


Í Dölnum hækkaði þetta hlutfall mest samanborið við önnur svæði á Vesturlandi en líka á landinu öllu þar sem þeir lentu í 1. sæti á landsvísu. Hlutfallið hækkaði þar um 8,5 prósentustig.

Hlutfallið lækkaði hins vegar mest í Vogum um 21,2 prósentustig, á Ströndum og Reykhólum um 6,2 og A-Húnavatnssýslu um 5,6. Þess skal þó getið að óvenju fá svör bárust frá íbúum Voga og því hæpið að gera of mikið úr niðurstöðunni þar.

Lokaorð

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins ásamt Bygðastofnun. Könnunin var lögð fyrir haustið 2023 að þessu sinni en dróst fram á veturinn 2024. Úrvinnslu lauk að vori og endanleg útgáfa heildar niðurstaðna könnunarinnar var í júní 2024. Þátttakendur voru um 11.500 að þessu sinni en virk svör oftast rétt tæplega 10.000. Könnunin byggði að mestu leyti á tilviljunarkenndu úrtaki. Einstaklingum úr ákveðnum hópum var boðið sérstaklega þegar útlit var fyrir að of fáir þátttakendur væru af þeirra svæði. Innflytjendur eru dæmi um það en 900 þeirra tóku þátt. Könnunin var lögð fyrir á íslensku, pólsku og ensku. Íbúakönnun þessi var fyrst framkvæmd á Vesturlandi árið 2004 en síðan á þriggja ára fresti. Könnunin var nú framkvæmd í annað sinn á öllu landinu.

Aðstandendur könnunarinnar þakka þeim sem tóku þátt. Könnunin gefur mikilvægar upplýsingar fyrir þá sem veita opinbera þjónustu og vinna að byggða- og atvinnuþróun. Könnunina í heild má finna með því að smella [hér](#) og afstöðu innflytjenda [hér](#). Síðar er gerð grein fyrir aðferðum og samsetningu gagnanna [hér](#).



Það skal upplýst hér að á landsvísu hækkaði höfuðborgarsvæðið næst mest á milli kannana, um 6,6 prósentustig, og Þingeyjarsýsla jafn mikið (tölur ekki sýndar í töflu).

Tafla 2. Hluttur þeirra sem merktu við „mjög gott“

Landsvæði	A: 2023	B: 2020	C: Munur	D: Sættisröð C
Akranessvæði	46,7%	44,2%	2,5%	7
Borgarfjarðarsvæði	33,5%	37,1%	-3,6%	17
Snæfellsnes	38,7%	42,7%	-3,9%	18
Dalir	34,5%	26,1%	8,5%	1
Allir þátttakendur	41,2%	41,4%	-0,3%	